



Fundur háskólaráðs 11. maí 2006

Fundargerð

Málsnúmer: HI06010052
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Margrét Ludwig
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 05.05.2006
Dags: 11.05.2006

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

06/2006

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2006, fimmtudaginn 11. maí var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 9.00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Anna Pála Sverrisdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir (varamaður Vilhjálms Árnasonar), Eiríkur Tómasson, Inga Jóna Þórðardóttir, Jóhannes Rúnar Sveinsson, Matthías Páll Imsland, Reynir Jóhannesson (varamaður Ernu Kristínar Blöndal), Rögnvaldur Ólafsson og Þórdís Kristmundsdóttir (varamaður Jóns Ó. Skarphéðinssonar). Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram.

1. Mál á dagskrá

1.1 Stefna Háskóla Íslands 2006-2011 samþykkt á 20. háskólafundi föstudaginn 5. maí sl.

Rektor skýrði frá því að stefna Háskóla Íslands 2006-2011 hefði verið samþykkt einróma á 20. háskólafundi 5. maí 2006. Rektor gerði grein fyrir þeim breytingum sem orðið höfðu á texta stefnunnar eftir háskólaráðsfund 4. maí.

- Stefna Háskóla Íslands 2006-2011 samþykkt einróma. Ráðsmenn töldu að með samþykkt stefnunnar væri lokið stórum áfanga fyrir Háskóla Íslands. Rektor skýrði frá því að nú tæki við ítarleg kynning stefnunnar og framkvæmd.

1.2 Hugmyndir fjármálanefndar um breytingar á deililíkani, sbr. síðasta fund.

- Frestað.

1.3 Um hugsanlega sameiningu HÍ og KHÍ, sbr. síðasta fund.

Rektor greindi frá því að á síðasta fundi háskólaráðs hefði tveimur ráðsmönnum, þeim Arnfríði Guðmundsdóttur, fulltrúa hugvísindasviðs, og Rögnvaldi Ólafssyni, fulltrúa raunvísindasviðs, verið falið að taka að sér í samráði við akademíska stjórnslu að undirbúa umsögn háskólaráðs um greinargerð starfshóps menntamálaráðherra og viðhorf til hugsanlegrar sameiningar Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Þegar báðir skólar hafa skilað álitinu sínu mun menntamálaráðherra taka ákvörðun um hvort lagt verði til við Alþingi að sameina skólana. Einnig skýrði rektor frá því að Ólafur Proppé, rektor Kennaraháskólans, muni koma í heimsókn til Háskóla Íslands miðvikudaginn 17. maí nk. til að kynna í Hátíðasal helstu stefnumál skólans og sjónarmið varðandi hugsanlega sameiningu. Málið var rætt ítarlega og verður aftur á dagskrá ráðsins 31. maí nk.

1.4 Tillögur um veitingu heiðursdoktorsnafnbóta.

Rektor greindi frá því að á seinasta fundi háskólaráðs hefðu verið lögð fram til kynningar gögn og tillaga raunvísindadeildar um veitingu tveggja heiðursdoktorsnafnbóta. Málið var rætt.
- Samþykkt einróma.

2. Erindi til háskólaráðs

2.1 Skipun fulltrúa heilbrigðisvísindasviðs og félagsvísindasviðs í fjármálanefnd háskólaráðs til næstu tveggja ára, frá 1. júlí 2006 að telja.

Rektor greindi frá því að borist hefðu eftirfarandi tilnefningar um fulltrúa í fjármálanefnd háskólaráðs til næstu tveggja ára frá 1. júlí 2006 að telja:

Guðrún Kristjánsdóttir, prófessor í hjúkrunarfræðideild, tilnefnd af deildum á heilbrigðisvísindasviði.

Björg Thorarensen, prófessor í lagadeild, tilnefnd af deildum á félagsvísindasviði.

Varafulltrúar:

Karl G. Kristinsson, prófessor í læknisfræðiskor læknadeildar, tilnefndur af deildum á heilbrigðisvísindasviði.

Gunnar H. Kristinsson, prófessor í félagsvísindadeild, tilnefndur af deildum á félagsvísindasviði.

- Samþykkt einróma.

2.2 Fjárhagsáætlun fyrir MBA nám 2006-2008 við viðskipta- og hagfræðideild, sbr. síðasta fund.

Inn á fundinn kom Þórður Kristinsson, framkvæmdastjóri akademískrar stjórnarsýslu, og gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

- Samþykkt einróma.

2.3 Erindi frá félagsvísindadeild um fjöldatakmörkun og inntökuskilyrði í fjarnám í náms- og starfsráðgjöf, sbr. síðasta fund. Umsagnir fjármálanefndar og kennslumálanefndar lagðar fram á fundinum.

Rektor og Þórður Kristinsson gerðu grein fyrir málinu. Í máli þeirra kom m.a. fram að við afgreiðslu málsins er gerður sá fyrirvari að ef áætlaður fjárstuðningur við námið skilar sér ekki að fullu geti nemendur þurft að taka námið í staðbundnu námi. Málið var rætt.

- Samþykkt einróma.

2.4 Meistaránám í lýðheilsufræði í samvinnu allra deilda, sbr. fund ráðsins 8. september 2005.

Rektor gerði grein fyrir málinu. Í máli rektors kom m.a. fram að fyrirhugað meistaránám í lýðheilsufræði sýni faglegan styrk Háskólans, enda standa allar 11 deildir skólans að því sameiginlega. Þórður Kristinsson skýrði nánar frá niðurstöðum starfshóps um námið. Stefnt er að því að námið geti hafist vorið 2007, en reglur um það eru í vinnslu og verða lagðar fram á næsta fundi háskólaráðs.

- Háskólaráð samþykkir að áfram verði unnið að undirbúningi og framkvæmd málsins í samræmi við framlagðar tillögur og áætlun. Í því skyni er skipuð námsstjórn til bráðabirgða sem undirbúi málið í nánú samráði við rektor. Námsstjórnina skipa Haraldur Briem sóttvarnarlæknir, formaður, og forsetar læknadeildar, félagsvísindadeildar og hjúkrunarfræðideildar. Starfshópurinn verður áfram til ráðuneytis um málið.

2.5 Erindi frá viðskipta- og hagfræðideild, dags. 10. maí sl. um tillögu að veitingu heiðursdoktorsnafnbóta.

Rektor skýrði framlagða tillögu viðskipta- og hagfræðideildar um veitingu

heiðursdoktorsnafnbótar. Málið var rætt
- Samþykkt einróma.

2.6 Leiðrétting á 2. mgr. 59. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

Þórður Kristinsson greindi frá því að á fundi háskólaráðs 30. nóvember 2005 hefði verið afgreidd tillaga um breytingu á 2. mgr. 59. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands þar sem m.a. er fjallað um frest sem stúdentum er gefinn til þess að óska eftir útskýringum kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar. Tillagan hafði tekið breytingum á milli funda en í þeirri vinnu urðu þau mistök að færa umræddan frest úr 15 dögum í 10. Stúdentar hefðu vakið athygli á þessari yfirsjón. Lögbundið væri hins vegar að fresturinn er 15 dagar skv. háskólalögum. Með vísan til þessa þyrfti að leiðrétta regluákvæðið og færa það til fyrra horfs, þ.e. að stúdent eigi rétt til þess að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar.

- Samþykkt einróma.

3. Mál til fróðleiks

3.1 Reikningsskil sjóða og gjafa í vörslu Háskóla Íslands.

Fleira var ekki gert.
Fundu slitið kl. 10.00.